

# Ársskýrsla og reikningur 2018

## Kirkjugarðasamband Íslands



Aðalfundur KGSÍ var haldinn í Vestmannaeyjum 9. júní 2018.

## Efnisyfirlit:

Skýrsla stjórnar KGSÍ .....	bls. 3-12
Rekstraráætlun KGSÍ 2019 .....	bls. 13
Dagskrá aðalfundar á Hallormsstað 8. júní 2019 .....	bls. 14
Uppgjör 2018 frá Fjársýslu ríkisins .....	bls. 15-18
Staðreyndarblöð afhent stjórnvöldum .....	bls. 19-24

Ársreikningur KGSÍ 2018 er aftan við skýrsluna.  
(Sjá efnisyfirlit þar).

Myndirnar í skýrslunni tók Þórsteinn Ragnarsson.


# Ársskýrsla KGSÍ 2018

## 1. Framlag til kirkjugarða landsins árið 2018

Framlag ríkisins til kirkjugarða landsins árið 2018 var **kr. 1.132.200.000**. Framlagið hefur verið skert á árunum 2008-2018 sem nemur á fjórða milljarð og er þá miðað við nafnvirði hvers tíma (óuppfært). Einingaverð umhirðu og grafartöku hefur af þeim sökum lækkað gríðarlega frá 2009 miðað við hækkun kaupgjalds og verðlags. Skipting ríkisframlagsins var þessi:

Framlag ríkisins til kirkjugarða 2018					
Fjárlög 2018:	1.131.200.000	Þetta skjal gildir frá og með apríl 2018.			
		Samtals framlag að meðtöldu gjaldi í kirkjugarðasjóð	Samtals framlag að frádregnu gjaldi í kirkjugarðasjóð	Samtals 8% gjald í kirkjugarðasjóð	Greitt á reikning nr.:
Framlag vegna fastakostnaðar	889.641.870	818.470.520	71.171.350		0301-13-110560
Framlag vegna grafartöku	197.270.130	181.488.520	15.781.610		0301-13-110561
Framlag vegna líkbrennslu	45.288.000	41.664.960	3.623.040		0301-13-110564
<b>Samtals 2018</b>	<b>1.132.200.000</b>	<b>1.041.624.000</b>	<b>90.576.000</b>		

Gjald í kirkjugarðasjóð fer inn á sama reikning og verið hefur.

Liður	Prosent
Framlag vegna fasta-kostnaðar	80%
Framlag vegna grafartöku	17%
Framlag vegna líkbrennslu	4%

Framlag ríkisins árið 2018 var ásamt framlagi í kirkjugarðasjóð kr. 1.132.200.000 en árið 2017 var framlagið kr. **1.103.500.000**. Hækkunin er 2,6% milli ára. Stærstur hluti gjalda hjá stærri kirkjugörðum er launakostnaður. Á sama tíma hækkaði launavísitalan um 6%<sup>1</sup>. Ekki stefnir þessi þróun gæfulega fyrir rekstur kirkjugarða. Taka má dæmi um Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP). Þeir hafa reynt að aðlagast skerðingunni með fækkun sumarstarfsmanna. Vinnutími þeirra, mældur í mánuðum, hefur minnkað um 50% á undanförunum 10 árum og hægt hefur verið að skera þar niður á milli ára til

<sup>1</sup> Launavísitalan var 623,8 stig í júní 2017 og 660,9 stig í júní 2018.

að mæta hluta af skerðingunni. Á milli árána 2017 og 2018 voru sem sagt færri sumarstarfsmenn ráðnir og lækkaði launakostnaðurinn við það um 18,1 m.kr. Ekki verður lengra gengið í þessum efnun og munu KGRP því ekki hafa tækifæri til að „hagræða“ þar meira en gert hefur verið og þá vandast málið.

### **Smá samantekt fyrir þá sem nýlega hafa komið að málefnum kirkjugarða.**

Árið 2005 var undirritað samkomulag milli ríkisins og kirkjugarðaráðs um fjárveitingar til kirkjugarða. Samkomulagið byggði á gjaldalíkani sem var tæki til að nálgast raunverulega þörf garðanna til lögbundins reksturs. Útbúið var einingaverð umhirðu, grefrana og til líkbrennslu. Þetta einingaverð átti samkvæmt samkomulaginu að þróast í samræmi við verðlag og kaupgjald. Fyrstu þrjú árin var að mestu unnið í samræmi við samkomulagið en eftir efnahagshrun tók annar veruleiki við. Góður skilningur var innan málaflokksins á sambærilegri skerðingu og aðrar stofnanir þurftu að þola en það sem forráðamenn kirkjugarðamála höfðu ekki skilning á var sú aðferðafræði fjármálaráðuneytisins að skerða einingaverðið allar götur fá árinu 2008. Vitanlega átti að uppreikna einingaverðið á hverju ári og skerða síðan þá upphæð sem út kom til samræmis við aðrar stofnanir.

Á aðalfundi Kirkjugarðasambands Íslands sem haldinn var á Ísafirði vorið 2017 var samþykkt tillaga frá formanni KGSÍ um aðgerðaráætlun til að freista þess að knýja fram leiðréttingu á framlagi ríkisins til kirkjugarða. Tillagan var í stuttu máli sú, að ná saman hópi KGSÍ fólks sem hefði aðgang að stjórnámálamönnum með það að markmiði að kynna þeim pattstöðuna í viðræðum við dómsmálaráðuneytið og vanefndir sammingsins sem gerður var milli ríkisins og kirkjugarðaráðs 2005 um fjárframlag til kirkjugarða landsins. Með tillögunni var þess vænst að þoka mætti málinu áfram og mynda stuðningshóp meðal þingmanna inn á Alþingi Íslendinga. Að tillögu undirritaðs tilnefndi aðalfundurinn 5 menn í vinnuhópinn: Albert Eymundsson, stjórnarmann hjá KGSÍ, Egil Heiðar Gíslason, stjórnarmann hjá KGRP, Magnús Gunnarsson, stjórnarmann hjá Kirkjugarði Hafnarfjarðar, Svein Valdimarsson, stjórnarmann hjá Kirkjugörðum Keflavíkur og undirritaðan. Tilnefndir samþykktu setu í hópnum.

Vinnuhópurinn kom saman á tveimur fundum um haustið og lagði á ráðin. Þingmönnum var raðað niður á hópinn og síðan voru samin bréf og útskýringarblöð um fjármál kirkjugarða og tillögur til úrbóta voru lagðar fram. Strax um vorið 2018 var þráðurinn tekinn upp og þá hófust fundahöld með þeim þingmönnum sem gáfu kost á sér. Tveir fundir voru haldnir með fjárlaganefnd og báru þeir þann árangur að fjárlaganefnd setti inn á fjárlög 50 m.kr. aukafjárveitingu, sem reyndar var lækkuð um 14 m.kr. við þriðju umræðu og fékkst ekki viðhlítandi skýring á því. Auk þessa fékk stjórn KGSÍ til liðs við sig almannatengil til að greina úrlausnarefni og sóknarfæri og útbúa staðreyndablöð sem afhent voru á þeim fundum sem haldnir voru með ráðamönnum. Aftan við skýrsluna má sjá sýnishorn af þeirri vinnu. Þessum blöðum, sem við nefnum staðreyndarblöð, var dreift til alþingismanna og ráðherra og víðar.

## 2. Hlutverk KGSÍ við útreikninga á framlagi ríkisins til kirkjugarða

Tekjur kirkjugarða byggjast að verulegu leyti á framlagi ríkisins og hér að neðan er því lýst með hvaða hætti þessar tekjur rata til kirkjugarða landsins og þeirra sem fá greitt fyrir þjónustu við útfarir skv. lögum:

1. Fjármálaráðuneyti gefur KGSÍ upp endanlegt framlag ríkisins til kirkjugarðamála á komandi ári þegar sú tala liggur fyrir í fjárlögum (desember).
2. KGSÍ lætur reikna út greftrunargjald og umhirðugjald og miðar við framlag ríkisins. Stjórn KGSÍ leggur þá til við kirkjugarðaráð hversu hátt einingaverðið geti verið. Greftrunargjaldið er síðan endanlega ákveðið af kirkjugarðaráði í upphafi hvers árs og fer það eftir því hvar kirkjugarðurinn er staðsettur á landinu. Á heimasíðunni [gardur.is](http://gardur.is) má finna í hvaða flokki viðkomandi kirkjugarður er á yfirstandandi ári og hvað hann fær fyrir grafartöku. Greftrunargjald er greitt eftir að viðkomandi kirkjugarðsstjórn eða fulltrúi hennar hefur fyllt út jarðsetningarskýrslu á vefnum [gardur.is](http://gardur.is) og viðkomandi prestur hefur fyllt út dánarskýrslu. Umhirðugjald er greitt eftir stærð og staðsetningu grafarsvæða.
3. KGSÍ útbýr mánaðarlega skiptingu á fjárhæðinni, þ.e.a.s. hvað hver fær mánaðarlega á greiðsluári:
  - a) Kirkjugarðasjóður fær nú 8% af heildarframlagi beint frá Fjársýslu ríkisins (einnig 8% 2019).
  - b) Greftrunarsjóður v/greftrana.
  - c) Umhirðugjald til kirkjugarða landsins.
  - d) Framlag til bálstofu í Fossvogi.
4. Fjársýsla ríkisins sendir framlag ríkisins inn á bankareikninga KGSÍ 15. hvers mánaðar.
5. KGSÍ greiðir 15. hvers mánaðar:
  - a) **umhirðugjaldið** inn á reikninga kirkjugarða,
  - b) **greftrunargjaldið** til þeirra kirkjugarða sem senda inn jarðsetningarskýrslur á [gardur.is](http://gardur.is) í mánuðinum á undan og þóknun til presta fyrir þjónustu við útfarir,
  - c) inn á reikning **bálstofunnar** í Reykjavík.

Einingaverð hafa ekki fylgt þróun kaupgjalds og verðlags á undanförunum árum og erfitt er fyrir kirkjugarða að greiða greftrunarkostnað og kostnað vegna prestsþjónustu við útfarir sem hækkaði langt umfram verðlag á tímabilinu 2013-2016.

### Reynt til þrautar til að ná fram leiðréttingu einingaverða.

Á árinu 2018 reyndi stjórn KGSÍ til þrautar að ná athygli ráðamanna. Vinnuhópurinn um fjármál kirkjugarða, sem tilnefndur var á fundinum á Ísafirði 2017, kom saman á tveimur fundum um haustið 2017 og lagði á ráðin. Þingmönnum var raðað niður á hópinn og síðan voru samin bréf og útskýringarblöð um fjármál kirkjugarða og tillögur til úrbóta voru lagðar fram. Strax um vorið 2018

var þráðurinn tekinn upp og þá hófust fundahöld með þeim þingmönnum sem gáfu kost á sér. Tveir fundir voru haldnir með fjárlaganefnd og báru þeir þann árangur að fjárlaganefnd setti inn á fjárlög 50 m.kr. aukafjárveitingu, sem reyndar var lækkuð um 14 m.kr. við þriðju umræðu og fékkst ekki viðhlítandi skýring á því.

Ráðinn var almannatengill til skrafs og ráðagerða og síðan var hafist handa. Skrifuð voru bréf til tengiliða innan KGSÍ sem hvattir voru til að hafa samband við stjórnámamenn og með þessum hvatningum voru send svonefnd „staðreyndarblöð“ sem útskýrðu hvernig fjármálin hefðu þróast og hver staðan væri á því herrans ári 2018. Fundir voru haldnir með dómsmálaráðherra og bréfaskriftir fóru fram milli ráðuneytis og stjórnar KGSÍ. Haldnir voru fundir með þeim þingmönnum sem gáfu kost á sér og tveir kynningarfundir voru haldnir hjá fjárlaganefnd Alþingis. Skrifaðar voru greinar í blöð og viðtöl við forráðamenn KGSÍ fóru fram í fjölmiðlum. Þessi „herferð“ bar ekki tilætlaðan árangur. Við fengum ekki undirtektir hjá dómsmálaráðherra og fjármálaráðuneytið var sem lokuð bók. Smá sárabót kom í lokin þegar fjárlaganefnd ákvað að setja inn 50 m.kr. aukafjárveitingu sem síðan var skert um 14 m.kr. í 3. umræðu fjárlaga og ekki fékkst viðhlítandi skýring á þeim niðurskurði.

Aftan við skýrsluna eru staðreyndarblöðin sem send voru út til ráðamanna. Óvíst er hvort þau voru lesin en eitt er víst að hinir svokölluðu ráðamenn eru mjög fávísir um málefni kirkjugarða hvort heldur um er að ræða fjármál þeirra eða þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt lögum.

## **KGSÍ annast mörg föst verkefni**

Frá árinu 2005 hefur KGSÍ séð um að reikna út og útteila framlagi ríkisins til kirkjugarða landsins og til presta frá 2012. Fyrstu þrjú árin, 2005-2007, komu greiðslurnar frá Fjársýslu ríkisins (umhirdan) og frá kirkjugarðasjóði (greftranir) en frá 2008 hefur KGSÍ alfarið séð um þessi peningamál, þ.e.a.s. bæði útreikninga og greiðslu þess fjármagns sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni. Kirkjugarðaráð er síðan sá aðili sem ákveður endanlega hvernig skiptingin skal vera.

**Dóknun til presta, forstöðumanna trúfélaga og lífsskoðunarfélaga fyrir þjónustu við útfarir hækkaði um 80% á tímabilinu okt. 2013 til júlí 2016. Ekki hefur komið króna á móti þessum hækkunum frá ríkinu. Gjaldskrá presta hefur staðið í stað frá júlí 2016 enda er vandséð hvort kirkjugarðar geti tekið á sig frekari hækkun. Kirkjugarðaráð hefur ályktað að leggjast gegn því að kirkjugarðar haldi áfram að taka á sig skerðingar í þá veru og hafa fulltrúar Prestafélags Íslands verið kvaddir á fund ráðsins til að gera þeim grein fyrir því.**

Dóknun til presta vegna þjónustu við útfarir er greidd af svokölluðu greftrunarframlagi frá ríkinu. Kirkjugarðar landsins þurfa að greiða með greftrunarframlaginu sem ríkið greiðir. Ráðamenn verða að skynja alvöru þessa máls og þeir verða að axla þá ábyrgð sem störfum þeirra fylgir. Tekið skal fram að stjórn KGSÍ hefur ekki skoðun á því hvort þessi hækkun sé of mikil út af fyrir sig heldur er það gagnrýnt

að ráðuneytið semji um slíka hækkun án þess að mótframlag sé greitt til kirkjugarða þegar öllum var orðið ljóst að framlag ríkisins í heild var stórskert.

Undanfarin ár hefur sú staða verið hjá kirkjugörðum að ekki er auðvelt að fá verktaka til að taka grafir. Ástæðan er sú að kirkjugarðar geta aðeins boðið þessum aðilum hluta af þeim taxta sem í gildi er. Ef ekki rætist úr líður senn að því að aðstandendur verði sjálfir að taka grafir til að jarðsetja ástvini sína. Þeir sem enn fást til verksins gera það langt undir gildandi taxta.

### 3. Aðalfundur 2018 var haldinn í Vestmannaeyjum

Tuttugasti og þriðji aðalfundur KGSÍ var haldinn í Akogeshúsinu í Vestmannaeyjum 9. júní 2018 og voru fundarmenn 45 og með mökum um 80 talsins. Fjármál kirkjugarða voru fyrirferðamikil og lagt var á ráðin hvernig best væri að ná eyrum ráðamanna.



Kirkjugarðurinn í Vestmannaeyjum var skoðaður undir leiðsögn Halldórs Hallgrímssonar framkv.stj. garðsins.

Dagskráin var fjölbreytt og flutt voru mörg erindi:

- ❖ „*Minning um mann*“. Guðmundur Rafn Sigurðsson, frkv.stj. Kirkjugarðaráðs ræddi um hvernig fólk minnst ættingja og vina með mismunandi minningarmörkum.
- ❖ *Hugmyndir í Kirkjugarði Keflavíkur til hagræðingar og bóta í rekstri*. Sveinn Valdimarsson, stjórnarformaður KGK sagði frá forvitnilegu samkomulagi milli sveitarfélagsins og KGK.
- ❖ Kári Aðalsteinsson, garðyrkjustjóri KGRP sagði frá illgresiseyðingu hjá KGRP.

- ❖ *Rekstrarvandi kirkjugarða. Hvað hefur KGSÍ gert til að leysa vandann?* Þórsteinn Ragnarsson, formaður KGSÍ og Albert Eymundsson, formaður Kirkjug. Hafnar í Hornafirði sögðu frá.
- ❖ Ólafur Týr Guðjónsson, framhaldsskólakennari og úteyjakarl flutti erindi heimamanns.

Eftir aðalfundinn var farin skoðunarferð um bæinn og hin stórmerkilega sýning í Eldheimum sem fjallar um eldgosið í Eyjum 1973 vakti mikla athygli. Um kvöldið snæddu aðalfundarfulltrúar og makar þeirra saman kvöldverð á hótelinu. Á sunnudagsmorgni fóru fundarmenn í kirkjugarðinn og skoðuðu hann undir leiðsögn Halldórs Hallgrímssonar framkv.stjóra. Eftir að hafa skoðað kirkjugarðinn og kirkjuna kvöddust aðalfundarfulltrúar og allir voru mjög ánægðir með fundinn og allar aðstæður.

#### **4. Aðalfundur 2019 verður haldinn á Hótel Hallormsstað**

Tuttugasti og fjórði aðalfundur KGSÍ verður haldinn á Hótel Hallormsstað 8. júní nk. sem er hvítasunnuhelgin. Heimamenn ráðlögðu stjórn KGSÍ að halda fundinn þegar tryggt væri að vorið væri komið og skógurinn væri farinn að laufgast. Einnig gefst þá tækifæri til að bæta við einum ferðadegi á mánudeginum sem er annar í hvítasunnu. Sumir dyggir stuðningsmenn eiga ekki heimangengt um þessa helgi vegna tengsla sinna við helgihald um hvítasunnuna eða eru uppteknir með fjölskyldum sínum. Erfitt er að finna þann tíma og þann stað sem öllum hentar. Þegar þessar línur eru skrifaðar hafa fulltrúar frá flestum stærri kirkjugörðunum verið innritaðir á fundinn sem vonandi verður bæði gagnlegur og skemmtilegur. Dagskráin verður fjölbreytt að vanda:

- ❖ „*Nýja skráningarkerfið*“ Arnfinnur R. Einarsson, tölvumaður hjá KGSÍ fer yfir helstu þætti þess.
- ❖ „*Framkvæmdir í fjórðungnum*“ Guðmundur Rafn Sigurðsson, frkv.stj. Kirkjugarðaráðs fer yfir framkvæmdir hjá kirkjugörðum í Austfjarðarfjórðungi.
- ❖ Stjórn KGSÍ gerir grein fyrir því átaki sem farið var í á síðasta ári og varðar fjármál kirkjugarða og kynningu á erfiðri fjárhagsstöðu kirkjugarða landsins.
- ❖ Framkvæmdir við kirkjugarðinn á Eiðum – Þórhallur Pálsson, sóknarnefndarformaður og arkitekt.
- ❖ *Rafmagnsverkfæri í kirkjugörðum.* Kristján Linnet, garðyrkjumaður hjá KGRP.
- ❖ Afhending heiðursfélagsskírteina.
- ❖ Skúli Björn Gunnarsson flytur erindi heimamanns.





**Hallormsstaður** er þéttbýliskjarni og áður kirkjustaður og prestssetur í Hallormsstaðaskógi. Þar var stofnaður hússtjórnarskóli árið 1930 en áður hafði verið þar einkarekinn kvennaskóli. (Mynd af vefnum).

Eftir fundinn verður farin skoðunarferð í boði KGSÍ um nágrennið og um kvöldið snæða aðalfundarfulltrúar og makar þeirra saman kvöldverð á Hótel Hallormsstað og skemmta sér saman eftir borðhaldið. Reiknað er með góðri þátttöku. Þeir sem ætla að vera með á Hallormsstað og hafa ekki skráð sig er bent á slóðina: [www.gardur.is/adalfundur](http://www.gardur.is/adalfundur). Skráningartími rann út 24. maí sl.

## 5. Stjórn og formaður.

Á aðalfundinum í Vestmannaeyjum gaf Þórsteinn Ragnarsson áfram kost á sér sem formaður KGSÍ og var hann einróma endurkjörinn. Guðmundur Rafn Sigurðsson og Albert Eymundsson gáfu áfram kost á sér í aðalstjórn og Sveinn Valdimarsson og Þórunn Ragnarsdóttir í varastjórn. Tillagan var samþykkt samhljóða. Þjóðbjörn Hannesson á Akranesi og Magnús Gunnarsson í Hafnarfirði voru áfram kjörnir skoðunarmenn reikninga.

Á milli aðalfunda 2017 og 2018 voru haldnir tíu stjórnarfundir auk óformlegra funda í síma og á netinu. Fundirnir voru haldnir í Reykjavík og einn á Höfn í Hornafirði. Varamenn voru boðaðir þegar stærri mál voru rædd.

## 6. Sameining kirkjugarðastjórna

Ekkert hefur lengi gerst í því brýna máli. Áhugi fyrir sameiningu er fyrir hendi hjá mörgum sóknarnefndum en það er eins og bedið sé eftir einhverjum leiðbeinandi reglum eða reglugerð um sameininguna. Það eru mikil vonbrigði að þetta mál hafi ekki náð meiri framgöngu en raun ber vitni. Það er sannfæring stjórnar KGSÍ að mun betur væri hægt að standa að stjórnun þessarar þjónustugreinar

ef mun færri og virkari stjórnir sæju um málefnið. Tekið skal fram að stjórn KGSÍ hefur ávallt undirstrikað að hver kirkjusókn ætti aðild að sameiginlegri stjórn, eins og gert var í Eyjafirði um árið. Þar með væri tryggt að fulltrúi smærri kirkjusókna væri í sameiginlegu stjórninni sem væri yfir öllum kirkjugörðum í prestakallinu eða tveimur samliggjandi prestaköllum. Minnt skal á að 24 stjórnarmenn eru í sameiginlegri stjórn yfir Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma.

## 7. Legstaðaskráin Gardur – stærsta verkefni KGSÍ frá upphafi

Hin miðlæga legstaðaskrá [gardur.is](http://gardur.is) er í umsjón og eigu Kirkjugarðasambands Íslands. Eitt af meginmarkmiðunum með stofnun hennar er að skapa almenningi aðgang að upplýsingum um legstað látinna á Íslandi og jafnframt að veita upplýsingar um viðkomandi kirkjugarða, þ.m.t. kort, texta, myndir og teikningar. Þetta markmið hefur náðst að hluta og er heimasíðan mikið notuð. Segja má að þetta sé nýting legstaðaskrárinnar „út á við“ en nýting hennar „inn á við“ er ekki síður þýðingarmikil. Í tengslum við [gardur.is](http://gardur.is) hafa verið útbúin ýmis hliðarforrit sem stjórna hinum ýmsu verkþáttum, s.s. skráningarkerfi í líkhúsi, bókunarkerfi, verkbeiðnakerfi, greiðslukerfi presta og kirkjugarða o.fl. Þessi kerfi hafa verið endurforrituð og sameinuð undanfarið ár og enn er verið að forrita. Nýja kerfið (sjá nánar hér á eftir) stendur öllum kirkjugörðum opið og er auðvelt fyrir kirkjugarðastjórnir að velja það sem hentugt þykir miðað við umfang starfseminnar. Stjórn KGSÍ mun kappkosta að kynna kerfið fyrir kirkjugarðastjórnnum og starfsmönnum kirkjugarða til að ljóst sé hvaða notkunarmöguleika þeirra gardur hefur.

### Endurforritun kerfa á [gardur.is](http://gardur.is) hafa reynst mun umfangsmeiri en álitíð var

Seint á árinu 2016 setti stjórn KGSÍ sig í samband við hugbúnaðarfyrirtækið Hugsmiðjuna ehf. og fékk starfsmenn þar til að greina forritun og öryggismál á [gardur.is](http://gardur.is). Í ársskýrslum 2016 og 2017 var gerð grein fyrir þessari vinnu. Vinna við endurforritun reyndist mun viðameiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og var unnið við kerfið allt árið 2017 og 2018 og fyrstu fjóra mánuði ársins 2019. Kostnaður við þessa vinnu hefur tekið hressilega í og það sem hefur bjargað málum eru styrkir frá kirkjugarðasjóði, greiðslur úr grafarsjóði, sem hefur verið rekinn réttu megin við strikið þessi ár, og framlag Kirkjugarðasambandsins sem hefur látið allt afgangsfé í nýja kerfið. Um miðjan maí sl. hefur verið lokað fyrir vinnu við frekari þróun eða viðbætur enda er það komið á þann stað að ekki er þörf á meiri vinnu á næstu misserum. Framtíðarsýnin er sú að allir stærri kirkjugarðar á landinu taki kerfið upp og noti það á sama hátt og KGRP sem tengir líkhús, athafnir og jarðsetningar saman. Stór hluti kerfisins heldur utan um greiðslur til kirkjugarða og presta landsins sem fara fram 15. hvers mánaðar.

Áfram er haldið að mæla upp kirkjugarðana og koma þeim á netið. Sigurgeir Skúlason hjá kirkjugarðaráði sér um þá vinnu. Hann segir að eftir að kortin voru tengd við loftmyndir Loftmynda ehf. hafi sú vinna bæst við að gera skipulag af þeim görðum sem fara inn á netið, þ.e. að teikna inn


grafarstæði á ógrafin svæði samkvæmt skipulagi, bæði kistu og duftstæði og gefa þeim númer. Þegar skráð er inn ný greftrun í garði uppfærast kortið jafnhliða en því aðeins að númer grafarstæðisins sé notað.

Nú er einnig farið að taka loftmyndir með dróna af görðunum sem hjálpar mikið við kortagerðina og skipulag garðanna sem og sýnir stöðu þeirra þegar myndin er tekin og er góð söguleg skráning á stöðu garðanna til framtíðar litið.

## Útgáfa Bautasteins - fagrits

*Bautasteinn* (fagritið) kom út í maí 2019 (1. tölublað 24. árgangs).

Á slóðinni: <https://www.gardur.is/kgssi.php> má sjá *Bautastein* frá upphafi. Blaðið kemur út í a.m.k. 1.400 eintökum og er dreift um allt land til presta, sveitarstjóra, sóknarnefndarformanna, alþingismanna og fjölmargra annarra einstaklinga og fyrirtækja. Einnig má skoða fréttabréfin á slóðinni hér að ofan. Ritnefndarfundir vegna *Bautasteins* hafa gjarnan verið haldnir í tengslum við stjórnarfundi áður en blaðið kemur út á vorin.



Stærstu kirkjugarðarnir styrkja útgáfuna með kaupum á blaðinu sem síðan er dreift á þjónustusvæði viðkomandi kirkjugarðs. Mikill metnaður hefur frá upphafi verið innan stjórna KGSÍ og ritstjórnar

*Bautasteins* að hafa blaðið vandað og með fréttir og greinar sem víðast af landinu. Valþór Hlöðversson framkvæmdastjóri hjá Ritformi ehf sér um útgáfu blaðsins.

## **8. Kirkjugarðasamband Íslands og Kirkjugarðaráð**

Samkvæmt lögum hefur Kirkjugarðaráð yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Kirkjugarðaráð er jafnframt stjórn kirkjugarðasjóðs sem er jöfnunarsjóður fyrir kirkjugarða landsins. KGSÍ tilnefnir einn stjórnarmann í Kirkjugarðaráð og hefur formaður stjórnar KGSÍ verið tilnefndur í stjórn ráðsins af KGSÍ undanfarin ár. Kirkjugarðaráð hefur gert samkomulag við stjórn KGSÍ til nokkurra ára um ýmislegt sem lýtur að málefnum kirkjugarða, s.s. útdeilingu á framlagi ríkisins til kirkjugarða, rekstur á gardur.is, námskeið o.fl. Þjónustusamningur er á milli KGSÍ og Kirkjugarðaráðs.

## **11. Erlend samskipti - NFKK**

KGSÍ á aðild að norræna sambandinu NFKK (Nordisk forbund for kirkegårder og krematorier, sjá slóðina <http://www.nfkk.eu>, og eiga formaður og varaformaður KGSÍ sæti í stjórn þess.

## **12. Margir lögðu hönd á plóginn**

Þeim fjölmörgu sem starfa innan málaflokksins víða um land eru færðar þakkir fyrir samstarfið á árinu 2018. Margir lögðu hönd á plóginn og ber að þakka góðan liðsanda og samstarf að þeim þýðingarmiklu verkefnum sem KGSÍ er falið að sinna. Ljóst er að við þær fjárhagsaðstæður sem kirkjugarðar hafa búið við undanfarin ár reynir mikið á stjórn og starfsmenn kirkjugarða. Bestu þakkir færir stjórn KGSÍ öllu þessu fólki.

Reykjavík, 31. maí 2019.

F.h. stjórnar KGSÍ,



Þórsteinn Ragnarsson,  
formaður KGSÍ.

## **REKSTRARÁÆTLUN KGSÍ FYRIR ÁRIÐ 2019**

### **REKSTRARTEKJUR:**

Tekjur vegna sölu vorblaðs (ca. 375 eint. á 850 kr/stk.)	320.000
Skráning ítarefnis	80.000
Aðrar tekjur, sala rafrænna skráa frá gardur.is	170.000
Styrkur frá Kirkjugarðasjóði vegna tölvumála	1.500.000
Endurgreiddur vsk vegna sérfræðivinnu	2.720.944
Styrkur frá Kirkjugarðasjóði, skv. samningi	8.300.000
<b>SAMTALS KR:</b>	<b>13.090.944</b>

### **REKSTRARGJÖLD:**

#### **Kostnaður vegna Bautasteins; tímarits og fréttabréfs:**

Vorblað - tímarit, skv samningi við Athygli	450.000
Annar kostn. s.s. ferðalög, myndir o.fl.	20.000
Fréttabréf KGSÍ, skv samningi við Athygli	85.000
Burðargjöld vegna vorblaðs	260.000
Burðargjöld önnur	10.000
	<b>825.000</b>

#### **Annar kostnaður:**

Laun og launatengd gjöld	1.500.000
Aðalfundarkostnaður	200.000
Bókhaldsvinna	550.000
Prentkostnaður, umslög og bréfsefni	200.000
Stjórnarfundakostnaður	150.000
Innlendur ferðakostnaður	180.000
Námskeiðahald og aðrir fundir	25.000
Ferðakostnaður vegna NFKK	470.000
Sérfræðikostnaður vegna gardur.is án vsk.	7.500.000
Auglýsingar og ýmis fastur kostnaður	250.000
	<b>11.025.000</b>

**SAMTALS KR: 11.850.000**

Tekjur umfram gjöld, án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	1.240.944
----------------------------------------------------------	-----------

### **FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNS-**

#### **GJÖLD:**

Vaxtatekjur	20.000
Vaxtagjöld	10.000

**AFGANGUR AF REKSTRI ÁRSINS: SAMTALS KR: 1.250.944**

# Aðalfundur KGSÍ

## haldinn 8. júní 2019 á Hallormsstað

Fundurinn hefst kl. 09:00 með venjubundnum aðalfundarstörfum og stendur til kl. 15:00.

### Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ.
3. Endurskoðaðir reikningar KGSÍ fyrir árið 2018 lagðir fram til umræðu og samþykktar.
4. Kosning formanns KGSÍ.
5. Kosning annarra stjórnarmanna.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ.
7. "Nýja skráningarkerfið" Arnfinnur R. Einarsson tölvumaður hjá KGSÍ fer yfir helstu þætti þess.
8. "Framkvæmdir í fjórðungnum" Guðmundur Rafn Sigurðsson frkv.stj. Kirkjugarðaráðs fer yfir framkvæmdir hjá kirkjugörðum í Austfjarðarfjórðungi.
9. Stjórn KGSÍ gerir grein fyrir því átaki sem farið var í á síðasta ári og varðar fjármál kirkjugarða.

### Matarhlé frá 12:00 til 13:00 á fundarstað.

10. Framkvæmdir við kirkjugarðinn á Eiðum – Þórhallur Pálsson sóknarnefndarformaður og arkitekt.
11. *Rafmagnsverkfæri í kirkjugörðum*. Kristján Linnét garðyrkjumaður hjá KGRP.
12. Afhending heiðursfélagsskírteina.
13. Skúli Björn Gunnarsson flytur erindi heimamanns.
14. Önnur mál.

### **Skoðunarferð og hátíðarkvöldverður.**

Eftir fundinn, um kl. 15:30, verður farin skoðunarferð í boði KGSÍ og um kvöldið, kl. 19:30 snæða aðalfundarfulltrúar og makar þeirra saman kvöldverð á Hótel Hallormsstað og skemmta sér saman eftir borðhaldið.

### **Helstu tímasetningar í tengslum við aðalfundinn.**

#### Laugardagurinn 8. júní:

09:00 – 12:00 ..... Aðalfundarstörf  
 12:00 – 13:00 ..... Hádegismatur  
 13:00 – 15:00 ..... Aðalfundarstörf  
 15:30 – 18:30 ..... Skoðunarferð um nágrenni Hallormsstaðar. Farið frá hótelinu kl. 15:30.  
 19:30 – 24:00 ..... Hátíðarkvöldverður og skemmtun

Sunnudagurinn 9. júní kl. 10:30: Farin skógarganga kl. 10:00 sem endar við hótelið kl. 12:00 og þar verður kvaðst eftir hádegismat. Sætaferð verður farin frá Reykjavík (Fossvogi) kl. 10 á föstudeginum 7. júní (suður fyrir) og til baka kl. 13 á sunnudeginum 9. júní. Þeir sem hafa áhuga á að vera með hafi samband við undirritaðan.

F.h. stjórnar,



Þórsteinn Ragnarsson, formaður KGSÍ.

# Kirkjugarðsgjöld

## 2018

FJARSYSLA RIKISINS  
Uppgjörssvið

Kirkjugarðsgjald  
2018

	Ettirstoðvar í ársbyrjun	2018	Greitt 2018	Ettirstoðvar í árslok
Kirkjugarðar.....	0	1.041.624.000	1.041.624.000	0
Kirkjugarðasjóður.....	0	90.576.000	90.576.000	0
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>1.132.200.000</b>	<b>1.132.200.000</b>	<b>0</b>

Kirkjugarðsgjöld  
Staða viðfanga 31.12.2018

Viðfang=0673311100 (Kirkjugarðar)

Allar tegundir	
22752 Ögreitt útsvar, sóknargj.ofl.	0
55000 Kaup á þjónustu	1.041.624.000
<b>Samtals</b>	<b>1.041.624.000</b>

Stofnun=06733 (Kirkjugarðasjóður)  
Viðfang=0673311101

Allar tegundir	
22752 Ögreitt útsvar, sóknargj.ofl.	0
55000 Kaup á þjónustu	90.576.000
<b>Samtals</b>	<b>90.576.000</b>

**Samtals 2018** 1.132.200.000



FJARSÝSLA RÍKISINS  
Uppgjörssvið

Kirkjugarðasjóður  
Uppgjör 2018

Samkvæmt 40. gr. laga nr. 36/1993 skulu tekjur Kirkjugarðasjóðs vera á milli 8% til 12% af kirkjugarðsgjöldum.

Kirkjugarðsgjöld 2018 voru kr. 1.132.200.000  
Hluti Kirkjugarðasjóðs 8% var því kr. 90.576.000

Kirkjugarðsgjald vegna manna sem eru óstaðsettir á landinu samkvæmt þjóðskrá greiðist til sjóðsins skv. 39. gr. laga nr. 36/1993. Á árinu 2018 var enginn skráður óstaðsettur hjá Hagstofu Íslands.

Viðskiptareikningur 2018

Staða 01.01.18.....	kr.	0
Hluti af kirkjugarðsgjöldum.....	kr.	90.576.000
Óstaðsettir.....	kr.	0
	kr.	0
Greitt 2018.....	kr.	90.576.000
Inneign 31.12.18.....	kr.	0

FJARSÝSLA RÍKISINS  
Uppgjörssvið

Kirkjugarðsgjöld til kirkjugarða 2018  
og hluti þeirra til Kirkjugarðasjóðs

Kennitala	Nafn	Kirkjugarðsgjald jan-des	Greitt v/2017	Greitt v/2018	Ógreitt 2018
6811962429	Framlag vegna fastakostnaða	818.470.520	0	818.470.520	0
6811962429	Framlag vegna grafartöku	181.488.520	0	181.488.520	0
6811962429	Framlag vegna líkbrennslu	41.664.960	0	41.664.960	0
5907840449	Kirkjugarðasjóður	90.576.000	0	90.576.000	0
		<u>1.132.200.000</u>	<u>0</u>	<u>1.132.200.000</u>	<u>0</u>

**FJARSÝSLA RÍKISINS**  
Uppgjörssvið

Greiðsluyfirlit úr Oraclekerfinu

Gjaldfærsla	Kirkjumálasjóður	Fastakostnaður	Grafartaka	Likbrennsla	Heildargreiðsla
Janúar	8.012.667	69.003.200	13.800.640	3.450.160	94.266.667
Febrúar	8.012.667	69.003.200	13.800.640	3.450.160	94.266.667
Mars	8.012.667	69.003.200	13.800.640	3.450.160	94.266.667
Apríl	7.393.111	67.940.102	15.565.178	3.479.387	94.377.778
Mai	7.393.111	67.940.102	15.565.178	3.479.387	94.377.778
Júní	7.393.111	67.940.102	15.565.178	3.479.387	94.377.778
Júlí	7.393.111	67.940.102	15.565.178	3.479.387	94.377.778
Ágúst	7.393.111	67.940.102	15.565.178	3.479.387	94.377.778
September	7.393.111	67.940.102	15.565.178	3.479.387	94.377.778
Október	7.393.111	67.940.102	15.565.178	3.479.387	94.377.778
Nóvember	7.393.111	67.940.102	15.565.178	3.479.387	94.377.778
Desember	7.393.111	67.940.104	15.565.176	3.479.384	94.377.775
	<b>90.576.000</b>	<b>818.470.520</b>	<b>181.488.520</b>	<b>41.664.960</b>	<b>1.132.200.000</b>

**FJARSÝSLA RÍKISINS**  
Uppgjörssvið

**Afstemming**  
**Uppgjör 2018**

Viðfang	Tegund	Úr Excel	Úr Oracle	Mism.
067330	Efnahagur			0
0673311100	Kirkjugarðar	55000	1.041.624.000	1.041.624.000
0673311101	Kirkjugarðasjóður	55000	90.576.000	90.576.000

## Ársreikningur KGSÍ 2018

Um bókhald og uppgjör reikninga KGSÍ sér Margrét Guðjónsdóttir yfirbókari hjá KGRP. Helga Halldórsdóttir, gjaldkeri KGRP, sér um að greiða reikninga KGSÍ. Þær sjá einnig um að millifæra framlag ríkisins til presta og kirkjugarða landsins og svara fyrirspurnum um þær greiðslur.



# Rekstrarvandi kirkjugarðanna

Kirkjugarðarnir eru fyrir alla landsmenn, óháð uppruna þeirra eða trúarbrögðum. Undanfarin ár hafa kirkjugarðarnir glímt við rekstrarvanda sem reynt hefur verið að bregðast við með aðhaldi og niðurskurði í rekstri. Þessi staða er fyrst og fremst til komin vegna vanefnda ríkisins á þjónustusamningi, sem gerður var árið 2005 og er enn í gildi. Á undanförunum árum hefur ítrekað verið reynt að vekja athygli ráðamanna á því ófremdarástandi sem hefur verið að skapast en án árangurs. Ef fram heldur sem horfir stefnir í óefni í mörgum görðum því þá þarf að draga enn frekar úr umhirðu garðanna og hætta þjónustu sem ekki er lögbundin svo sem rekstri líkhúsa og athafnarýma.

Samningur ríkisins og kirkjugarðaráðs frá 2005 átti að standa straum af heildarkostnaði við lögbundin verkefni kirkjugarðanna og grundvalladist á gjaldalikani sem reiknaði út kostnað við þá þætti í rekstri garðanna sem lögbundin eru. Gjaldalikanið átti að tryggja hallalausan rekstur og áttu einingaverðin að breytast í takt við kaupgjald og verðlag á hverjum tíma. Í dag skilar samningurinn einungis um 60% þess lögbundna kostnaðar sem til fellur í rekstri kirkjugarða landsins vegna þess að ríkið hefur einhliða fært niður einingaverð gjaldalikansins.


Á tímabilinu 2009 til 2018 hefur einingaverð gjaldalikansins þannig hækkað um 10,6% á sama tíma og almennt verðlag hefur hækkað um rúm 30% og launakostnaður um 66%. Þá hefur útfararþóknun til presta, sem kirkjugörðum er gert að greiða hækkað um rúm 80% á síðustu fjórum árum.

## Mat utanaðkomandi aðila

Þetta mál hefur verið þrautskoðað á síðustu árum og um það skrifaðar nokkrar skýrslur.

- Í skýrslu Capacent ráðgjafar frá 2011 er framlag ríkisins talið of lágt til að kirkjugarðarnir geti staðið undir lögbundnum skyldum sínum.
- Í skýrslu Haraldar L. Haraldssonar hagfræðings frá 2013 er ein helsta niðurstaðan sú að framlög ríkisins dugi ekki til reksturs kirkjugarðanna og að í mörgum tilfellum hafi verið greitt langt undir kostnaðarverði fyrir þjónustu við kirkjugarða.
- Í skýrslu stjórnskipaðrar nefndar um endurskoðun kirkjugarðasamkomulags frá 2016 kemur meðal annars fram að framlag til kirkjugarðanna hafi verið á árabílinu 2005-2015 skert um samtals 1.971 milljón króna að nafnvirði miðað við samkomulagið frá 2005. Þá telur nefndin óheppilegt að kirkjugörðunum sé gert að greiða fyrir útfararþjónustu presta.

## Framlög til kirkjugarða 2005-2018



Framlög til kirkjugarðanna voru í samræmi við samkomulagið til ársins 2009 en eftir það hafa fjárheimildir verið skornar niður og vantar nú um 3,4 milljarða króna upp á að staðið hafi verið við samninginn. Á yfirstandandi ári vantar 460 m.kr. ætti að vera 1.592 m.kr. en eru 1.132,2 m.kr.

## Rekstur Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæmis 2011 til 2016

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastdæmis (KGRP) er langstærsti rekstraraðili kirkjugarða hér á landi. Niðurstaða af rekstri KGRP var sem hér segir á árinum 2011 til 2016 talið í milljónum króna:

	(Tap)/ hagnaður	Rekstrarniðurstaða*
2017:	27.880.467**	26.812.510
2016:	(63.446.177)	(66.201.688)
2015:	39.870.162***	(28.640.741)
2014:	(24.489.320)	(31.620.953)
2013:	25.067.005****	4.470.501
2012:	(4.732.236)	(16.320.618)
2011:	(6.688.811)	(32.629.206)

\*)Fyrir fjármagnsliði og afkomu hlutdeildarfélagis.

\*\*\*) Mikill niðurskurður í rekstri ásamt mun lægri gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga en gert var ráð fyrir, skilaði rekstrarreikningi með afgangi. Endurspeglar ekki rekstrarbata.

\*\*\*\*) Jákvæða niðurstöðu 2015 má rekja til 68 m.kr. einskíptis leiðréttingar vegna vangreiðslna 2009 til 2015.

\*\*\*\*\*) Hefðu KGRP ekki notið hlutdeildar í afkomu dótturfélags, leigutekna og framlags úr kirkjugarðasjóði hefði hallinn á rekstri garðanna orðið 28,9 m.kr. árið 2013.

### Lífeyrisskuldbindingar

Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastdæma ber lögum samkvæmt að leggja til hliðar fjármuni í sérstakan sjóð til að mæta áföllnum lífeyrisskuldbindingum starfsmanna. Í árslok 2017 námu eftirlaunaskuldbindingar KGRP samtals 409,2 milljónum króna. Hefur samsvarandi upphæð verið tekin til hliðar á undanförunum árum og talin fram sem eign garðanna í ársreikningum. Ekki er heimilt að nýta þetta fé til almenns reksturs garðanna. Því er ekki um varasjóð að ræða heldur fjármuni sem búið er að ráðstafa.

## Viðbrögð kirkjugarðanna við niðurskurði

Brugðist hefur verið við skertum tekjum garðanna með margvíslegum hætti. Áætlað er að frá og með árinu 2011 og til og með 2017 hafi rekstur KGRP, sem eru langstærstu kirkjugarðar landsins, verið skorinn niður um rúmlega 700 m.kr. Auk þess hafa KGRP ekki getað fylgt eftir byggingaáformum á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð, s.s. byggingu líkhúss og athafnarýmis þar. Þetta hefur verið gert með því að hagræða og skera niður almennan rekstur, fresta endurnýjun og viðhaldi véla og mannvirkja, fresta framkvæmdum, skera niður launakostnað og draga úr umhirðu garðanna. Niðurskurður á umhirðu er víða kominn að velsæmismörkum og mannvirki liggja undir skemmdum.

## Næstu skref

Verði ekkert að gert þarf að halda áfram að skera niður rekstrarkostnað og liggur þá beint við að beina sjónum að þjónustu sem nú er veitt endurgjaldslaust en er ekki hluti af lögbundnum verkefnum kirkjugarðanna.

Starfræksla líkhúsa og athafnarýma vegna útfara er ekki hluti af lögbundinni þjónustu kirkjugarða. Lokun líkhúsa og athafnarýma myndi spara um 60 milljóna króna útgjöld á ári hjá KGRP en hallinn á rekstri garðanna var 63,5 m.kr. árið 2016, þrátt fyrir mikinn niðurskurð og frestun framkvæmda.

Næsta skref til að stöðva hallarekstur er að draga enn frekar úr umhirðu á elstu svæðum garðanna.

Til skoðunar hlýtur að koma að segja upp samningnum frá 2005 þegar hann kemur næst til endurnýjunar 2019 og/eða að höfða mál vegna samningsbrota.

## Nauðsynlegar úrbætur á rekstrarumhverfi

Yfirfara þarf samkomulag ríkisins og kirkjugarðaráðs frá 2005 og skilgreina upp á nýtt til hvaða lögbundnu verkefna það á að taka. Að því loknu þarf að leiðrétta einingaverð, þannig að gjaldalíkanið meti raunverulegan kostnað kirkjugarðanna við lögbundna þjónustu.

Áætlað er að hækka þurfi núverandi ársframlag til kirkjugarða um 460 milljónir króna til að bæta upp um 40% skerðingu framlaga frá því samningurinn við ríkið var gerður 2005.

Lögfesta þarf frumvarp sem liggur tilbúið í ráðuneytinu þar sem lagt er til að kirkjugarðar fái að innheimta gjald fyrir afnot af líkhúsum og athafnarýmum.

Færa þarf þóknanaþreidslur til presta vegna útfara frá kirkjugörðunum, enda hafa kirkjugarðarnir enga aðkomu að ákvörðun um þessa þóknun. Slík ráðstöfun gæti, ásamt upptöku líkhúsgjalds og gjaldtöku vegna athafnarýma dregið úr fjárþörf garðanna um 145 milljónir króna á ári.

## Fækkun starfsfólks, aukið álag og enn meiri niðurskurður



### Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastdæmis

„Síðustu 10 ár hefur þurft að fækka sumarstarfsfólki sem annast umhirðu kirkjugarða KGRP úr 160 í 60. Þetta hefur óhjákvæmilega komið niður á umhirðu garðanna. Þá hefur ástandið einnig þýtt aukið álag á fasta starfsmenn því þrátt fyrir vaxandi umsvif KGRP og stækkun umhirðusvæða hefur ekki verið hægt að bæta við föstum starfsmönnum síðan 1995,“ segir Þórsteinn Ragnarsson forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma.



### Kirkjugarðar Akureyrar

„Rekstur Kirkjugarða Akureyrar er kominn í ógöngur og rekstri þeirra verður vart haldið áfram með óbreyttu sniði,“ segir Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri garðanna. „Undanfarin ár hefur endurnýjun og viðhald mannvirkja og búnaðar verið látið mæta afgangi til að hægt væri að halda áfram góðri umhirðu. Nú getum við ekki trassað þennan þátt lengur því það er orðið brýnt að ráðast í viðgerðir víða. Því þurfum við nú að draga úr umhirðu og spurning hvort við neyðumst ekki til að hætta að sinna verkefnum sem ekki eru lögbundin, eins og rekstri líkhúss og athafnarýma.“



### Kirkjugarður Garðasóknar

Rekstur Garðakirkjugarðs á Álftanesi hefur verið þungur undanfarin ár og árlegt tap á rekstrinum hefur verið 5-6 milljónir króna. Um hefðbundinn rekstur er að ræða og ekki neinum sérstökum aukaútgjöldum til að dreifa sem útskýra hallareksturinn eins og tækjakaup eða meiriháttar viðhald. „Við, eins og aðrir garðar treystum á úthlutanir frá stjórnvöldum en að óbreyttu sjáum við fram á að þurfa að skera niður í rekstrinum sem mun bitna á umhirðu garðsins og valda þeim aðstandendum óþægindum sem koma þangað til að heimsækja ástvini,“ segir Snævar Andrésson, kirkjuhaldari og umsjónarmaður Garðakirkjugarðs.

## Í hnotskurn

**2004.** Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastdæma og Kirkjugarðar Akureyrar hófu innheimtu líkhúsgjalds til að standa straum af kostnaði við rekstur líkhúsa, sem er utan lögboðins hlutverks þeirra. Gjaldtökunni var hætt 2006 eftir að henni var vísað til umboðsmanns Alþingis, sem komst að þeirri niðurstöðu að lagastöð skorti fyrir innheimtu gjaldsins.

**2005.** Samkomulag milli kirkjugarðaráðs og fjármálaráðuneytis um nýtt gjaldalíkan undirritað 15. apríl. Því var ætlað að fjármagna öll útgjöld vegna lögbundinna verkefna kirkjugarðanna á grundvelli einingarverðs fyrir einstaka verkþætti í rekstri þeirra.

**2006.** Umboðsmaður beinir tilmælum til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um að taka af allan vafa í lögum um kirkjugarða um heimild þeirra til gjaldtöku. Ráðuneytið hefur enn ekkert aðhafst þrátt fyrir ítrekanir umboðsmanns.

**2009.** Framlög til kirkjugarðanna skert í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Einingaverð gjaldalíkansins var lækkað og þar með grunnur gjaldsins til framtíðar, í stað þess að reikna einingaverð upp og skerða síðan.

**2011.** Aðhalds- og niðurskurðaraðgerðir hefjast fyrir alvöru eftir raunskerðingu á framlögum til kirkjugarðanna frá árinu 2009. Dregið úr viðhaldi eigna og umhirðu, sumarstarfsfólki fækkað.

**2015.** Vegna mistaka í útreikningum fjármálaráðuneytis voru framlög til kirkjugarðanna 133 milljónum króna lægri á árunum 2009 – 2015 en forsendur ráðuneytisins sögðu til um. Þessi reiknivilla, sem var aðeins hluti skerðingarinnar á þessum tíma, var leiðrétt í fjáráukalögum 2015. Tölum kirkjugarða og Hagstofu um

fjölda tekinnna grafa á árunum 2005 – 2015 bar ekki saman og því fengu garðarnir 22,9 milljónum króna lægra framlag en ef stuðst hefði verið við rauntölur kirkjugarðanna.

**2016.** Af 20 stærstu kirkjugörðum landsins voru allir nema 3 reknir með tapi árið 2016 og var samanlagt tap þeirra 11,5% af tekjum. Samanlagt tap 17 stærstu kirkjugarða landsins nam rúmlega 90 milljónum króna 2016. Þar af nam tap Kirkjugarða Reykjavíkur, 63,5 milljónum króna.

**2017.** Einingarverðin í gjaldalíkani samningsins við ríkið frá 2005 skila einungis 60% af því sem þau hefðu gert ef líkanið hefði ávallt verið reiknað upp skv. ákvæðum samningsins.

## 2018:

- Samtals hafa framlög til kirkjugarðanna verið skorin niður um 3,4 milljarða króna að nafnvirði miðað við samkomulagið frá 2005.
- Langstærsti útgjaldaliðurinn í rekstri kirkjugarðanna er launakostnaður sem telur allt að 82% af lögbundnum tekjum hjá stærstu görðunum, Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastdæma.
- Alls eru um 250 kirkjugarðar í landinu og yfir þeim eru 236 ólaunaðar stjórnir.
- Þrátt fyrir ítrekaða fundi með stjórnvöldum og endurteknar greiningar og skýrslur hefur ekki fengist leiðrétting á þeirri skekkju sem breyting á gjaldagrunni samningsins frá 2005 hefur valdið.
- Í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar (2019–2023) frá því í mars s.l. er ekki að finna neinar leiðréttingar til að ráða bót á þeim rekstrarvanda sem forráðamenn kirkjugarða hafa gert ráðamönnum grein fyrir á undanförunum misserum og árum.





# Tillögur um lausn á rekstrarvanda kirkjugarða

Á fundi með dómsmálaráðherra í lok júlí kynntu forsvarsmenn Kirkjugarðasambands Íslands tillögur sínar um fyrstu skref til lausnar á rekstrarvanda kirkjugarðanna. Tillögurnar hafa einnig verið sendar Fjárlaganefnd Alþingis.

Árið 2005 gerðu ríkið og kirkjugarðaráð samning um greiðslur sem áttu að duga til að standa straum af heildarkostnaði við lögbundin verkefni kirkjugarða, þ.m.t. rekstur, endurbætur og uppbyggingu tækjabúnaðar og húsakosts. Framlög ríkisins voru í samræmi við samkomulagið fram til ársins 2009 en í kjölfar efnahagshrunsins lækkaði ríkið einingaverð í gjaldalikani samningsins einhliða og skar þar með niður fjárframlög til kirkjugarðanna. Á tímabilinu 2009 til 2018 vantar samtals um 3,4 milljarða króna að nafnvirði upp á að framlög til kirkjugarðanna hafi verið í samræmi við samninginn við ríkið. Þetta hefur valdið vaxandi vandræðum í rekstri kirkjugarða víða um land á undanförunum árum.

## Tillögurnar

Tillögurnar sem lagðar voru fyrir Sigríði Andersen dómsmálaráðherra taka til kostnaðar vegna lögbundinna verkefna garðanna. Þær myndu leiðrétta um 2/3 þeirrar skerðingar sem orðið hefur vegna lækkunar á einingaverðum gjaldalikansins frá árinu 2009. Tillögurnar eru þessar:

1. Lagt er til að kirkjugarðarnir fái 150 m.kr. viðbót við uppreiknað framlag 2019 og að sú viðbót verði reiknuð inn í einingaverð gjaldalikansins við fjárlagagerðina sem nú stendur yfir.
2. Við fjárlagagerð á næsta ári, vegna ársins 2020, fái kirkjugarðar aftur 150 m.kr. viðbót sem yrði einnig reiknuð inn í einingaverð gjaldalikansins. Með þessum aðgerðum væri búið að hækka einingaverðin um 300 m.kr. árið 2020 miðað við framlagið á yfirstandandi ári. Þar með væri búið að leiðrétta um 2/3 þeirrar lækkunar sem varð á einingaverðum á árunum 2009-2018. Tillögurnar miða við lögbundin verkefni kirkjugarðanna.
3. Lagt er til að í greiðslulíkanið komi viðbótarframlag til að unnt verði að standa straum af útfarargreiðslum til presta og þeirra sem annast útfarir annarra trú- og lífsskoðunarfélaga. Ríkið ákvað á sínum tíma að þessi útgjöld skyldu tekin af greftrunargjaldi kirkjugarðanna. Það hefur síðan ákveðið einhliða að hækka þessa greiðslu um rúm 80% án þess að augin fjárframlög kæmu til kirkjugarðanna til að mæta þeim útgjöldum.
4. Kirkjugörðum verði með lagabreytingu heimilað að taka upp gjald vegna reksturs líkhúsa og athafnarýma.
5. Samningur ríkisins og kirkjugarðaráðs um fjármál

kirkjugarðanna kemur næst til endurnýjunar árið 2019. Lagt er til að fram að fjárlagagerð 2020 verði tíminn notaður til að ganga frá nýju samkomulagi. Í því verði skilgreint mun nákvæmar en gert var 2005 hvaða lögbundnu verkefnum kirkjugörðunum beri að sinna.

## Niðurskurður

Á síðustu árum hefur verið brugðist við skertum tekjum kirkjugarðanna með því að hagræða, skera niður kostnað og draga úr umhirðu og viðhaldi mannvirkja. Víða hefur reynst erfitt að greiða jarðverktökum eðlilega þóknun fyrir störf þeirra í þágu garðanna.

Áætlað er að á árunum 2011 til og með 2017 hafi rekstur Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma (KGRP), sem eru langstærstu kirkjugarðar landsins, verið skorinn niður um rúmlega 700 milljónir króna. Þetta hefur verið gert með því að hagræða og skera niður almennan rekstur, fresta endurnýjun og viðhaldi véla og mannvirkja, fresta framkvæmdum, skera niður launakostnað og draga úr umhirðu garðanna. Vegna fjárskorts hefur á síðustu 10 árum þurft að fækka sumarstarfsfólki sem annast umhirðu kirkjugarða KGRP úr 160 í 60. Þá liggja mannvirki víða undir skemmdum vegna skorts á viðhaldi og umhirðu. Ekki hefur verið hægt að hrinda í framkvæmd áformum um byggingu líkhúss og athafnarýmis við Gufuneskirkjugarð né reisa þjónustuhús í Kópavogskirkjugarði.

Verði ekkert að gert þarf að halda áfram að skera niður rekstrarkostnað og draga enn frekar úr viðhaldi og umhirðu á elstu svæðum kirkjugarðanna. Þá liggur beint

við að beina sjónum að þjónustu sem nú er veitt endurgjaldslaus og er ekki hluti af lögbundnum verkefnum kirkjugarðanna, þar á meðal er rekstur líkhúsa og athafnarýma vegna útfara.

### Mun hærri greiðslur í Svíþjóð

Stjórn Norræna kirkjugarða- og bálstofusambandsins vinnur að samanburði á greiðslum ríkis, kirkju og sveitarfélaga til kirkjugarða og bálstofa í hverju landi. Nú liggja fyrir tölur frá Íslandi og Svíþjóð og beðið er svara frá öðrum Norðurlöndum. Tölurnar sýna að Svíar greiða 79% hærri upphæð til kirkjugarða með hverjum íbúa en Íslendingar og 28,5% meira með hverjum látnum einstaklingi. Lægri upphæð á hvern látinn, skýrist af því að dánarhlutfall í Svíþjóð er 0,92% af íbúatölu en á Íslandi er hlutfallið 0,66%. Í íslenskum krónum er heildarframlagið 57,2 milljarðar í Svíþjóð en á Íslandi er það rúmur milljarður.

### Aukin dánartíðni

Með sífellt hækkandi meðalaldri hefur öldruðum hér á landi fjölgað hlutfallslega mikið á síðustu áratugum. Á næstu áratugum má gera ráð fyrir að aldursdreifing nái aftur meira jafnvægi með stóraukinni dánartíðni í elsta aldurshópnum.

Mannfjöldaspa Hagstofunnar miðar við að fjöldi látinna á hverja þúsund íbúa á Íslandi muni hækka úr 6,6 dauðsföllum árið 2017 í 9,5 árið 2050. Fjöldi látinna á Íslandi mun samkvæmt því fara úr 2.251 árið 2017 í 4.132 árið 2050 sem er aukning um 83,5%. Þessari fjölgun þurfa kirkjugarðar landsins að geta mætt svo sómi sé að.

Land	Framlag 2017	Íbúafjöldi 2017	Látinir 2017	Kostn./íbúa	Kostn./látinir
Svíþjóð	57.200.000.000	9.995.153	91.972	5.723	621.928
Ísland	1.083.900.000	338.349	2.239	3.203	484.100

Ljóst er að Svíar leggja mun meira hlutfallslega til kirkjugarða og bálstofa og samkvæmt bráðabirgðatölum virðast hinar Norðurlandabýjörnar einnig búa betur að málaflökknum í sínu landi.

## Minningarreitir um gengnar kynslóðir

Guðjón Friðriksson sagnfræðingur þekkir vel til kirkjugarða höfuðborgarinnar og hefur fjallað um þá meðal annars í sjónvarpi. „Að ganga um Hólavallakirkjugarð í Reykjavík er eins og ferðalag um Íslandssöguna. Þar eru grafnir allir helstu stjórnálamenn, skáld og listamenn þjóðarinnar um hundrað ára skeið,“ segir Guðjón. Hann bendir á að garðurinn hafi mikla tengingu við bókmenntir landsins sem vettvangur í skáldsögum íslenskra rithöfundar og nefnir sem dæmi Heimsljós Halldórs Laxness þar sem heill kafli fjallar um leit Ólafs Kárasonar að leiði Sigurðar Breiðfjörð. Annars staðar á landinu megi finna tengingu við enn eldri tíma eins og í Reykholti í Borgarfirði en í kirkjugarðinum þar er sérstakur Sturlungareitir þar sem sagan segir að Snorri Sturluson liggja á meðal annarra.

Guðjón segir gildi kirkjugarðanna enn fjölþættara því þeir séu vígðir og þar af leiðandi helgir reitir um þá sem gengnir eru frá kristilegum sjónarhóli. Þá hafi þeir tilfinningalegt gildi fyrir ástvini og afkomendur þeirra sem þar hvíla. Loks séu ákveðin minningarverðmæti fólgin í minningarmerkjum, legsteinum, krossum og umgjörðum leiða í görðunum. Hann nefnir sem dæmi að í Hólavallagarði sé enn varðveitt mikið af merkilegum járngrindum sem á sínum tíma voru sérpantaðar frá Kaupmannahöfn. Slíkt járnverk finnst varla lengur í erlendum kirkjugörðum því það var yfirleitt tekið og brætt í stríðsátökum síðustu aldar. „Það skiptir máli að við göngum vel um kirkjugarðana og þau minningarmerki sem þar er að finna um fyrri kynslóðir,“ segir Guðjón Friðriksson sagnfræðingur.



Guðjón Friðriksson sagnfræðingur bendir á að í Hólavallakirkjugarði sé varðveitt mikið af minningarverðmætum. Hann nefnir sem dæmi merkilegar járngrindur sem á sínum tíma voru sérpantaðar frá Kaupmannahöfn en slíkt járnverk finnst varla lengur í erlendum kirkjugörðum því það var yfirleitt brætt í stríðsátökum síðustu aldar.



# Kirkjugarðasamband Íslands

---

Ársreikningur

---

**2018**

---

Kirkjugarðasamband Íslands  
Vesturhlíð 8  
105 Reykjavík  
kt. 681196-2429

# Kirkjugarðasamband Íslands

---

Ársreikningur

---

**2018**

Þannig samþykkt á stjórnarfundum 20. maí 2019

## Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2
Áritun skoðunarmanna	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-9

---

# Skýrsla stjórnar

---

Kirkjugarðasamband Íslands er samband kirkjugarða á Íslandi og stendur vörð um faglega hagsmuni þeirra.

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Rekstrartekjur ársins 2018 námu samtals kr. 15.568.821 og nam hagnaður ársins kr. 283.254. Heildareignir námu kr. 14.566.939 og eigið fé í árslok 2018 nam kr. 13.562.610.

Að álitum stjórnar Kirkjugarðasambands Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Kirkjugarðasambands Íslands staðfestir með undirritun sinni ársreikning sambandsins fyrir árið 2018.

Reykjavík, 20. maí 2019

## Í stjórn



Þórsteinn Ragnarsson  
stjórnarformaður



Guðmundur Rafn Sigurðsson  
stjórnarmaður



Albert Eymundsson  
stjórnarmaður

# Áritun skoðunarmanna

---

Við kjörnir skoðunarmenn Kirkjugarðasambands Íslands höfum yfirfarið ársreikning fyrir árið 2018 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 20. maí 2019

  
Þjóðbjörn Hannesson

  
Magnús Gunnarsson

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa í Kirkjugarðasambandi Íslands

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðanda við könnun

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni. Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Samkvæmt staðlinum eigum við að leggja fram ályktun um hvort eitthvað hafi komið fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd í samræmi við lög um ársreikninga. Staðallinn gerir jafnframt kröfu um að við fylgjum síðareglum.

Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.


Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

### Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 20. maí 2019.

### Deloitte ehf.



Halldór Arason,  
endurskoðandi

## Rekstrarreikningur - almennur rekstur - ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
<b>Rekstrartekjur</b>			
Félagsgjöld og styrkir .....		15.568.821	15.998.811
		<u>15.568.821</u>	<u>15.998.811</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Útgáfu- og dreifingarkostnaður .....		1.153.731	746.817
Laun og tengd gjöld .....	3	1.436.801	1.375.059
Annar rekstrarkostnaður .....		12.702.404	11.418.672
		<u>15.292.936</u>	<u>13.540.548</u>
<b>Hagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda</b>		275.885	2.458.263
Fjármunatekjur .....	4	17.715	145.276
Fjármagnsgjöld .....	5	(10.346)	(37.576)
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>283.254</u>	<u>2.565.963</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	7	10.711.053	7.752.726
Aðrar skammtímakröfur .....	7	115.596	55.262
Handbært fé .....	7	3.740.290	6.527.624
		<u>14.566.939</u>	<u>14.335.612</u>
<b>Eignir</b>		<u>14.566.939</u>	<u>14.335.612</u>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Eigið fé .....	8	13.562.610	13.279.356
Eigið fé		<u>13.562.610</u>	<u>13.279.356</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma .....		32.480	0
Aðrar skammtímaskuldir .....	9	971.849	1.056.256
Skuldir		<u>1.004.329</u>	<u>1.056.256</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>14.566.939</u>	<u>14.335.612</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....		275.885	2.458.263
Veltufé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		<u>275.885</u>	<u>2.458.263</u>
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun) lækkun .....		(3.018.661)	(7.503.762)
Rekstartengdar skuldir (lækkun) hækkun .....		<u>(51.927)</u>	<u>54.558</u>
Handbært fé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		<u>(2.794.703)</u>	<u>(4.990.941)</u>
Innborgaðir vextir og arður .....		17.715	145.276
Greiddir vextir .....		<u>(10.346)</u>	<u>(37.576)</u>
<b>Handbært fé til rekstrar</b>		<u>(2.787.334)</u>	<u>(4.883.241)</u>
Lækkun handbærs fjár .....		(2.787.334)	(4.883.241)
Handbært fé í upphafi árs .....		<u>6.527.624</u>	<u>11.410.865</u>
Handbært fé í lok árs .....		<u><u>3.740.290</u></u>	<u><u>6.527.624</u></u>



# Skýringar

## 1. Starfsemi

Kirkjugarðasamband Íslands er samband kirkjugarða á Íslandi sem stendur vörð um faglega hagsmuni þeirra.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sambandsins.

Almenn stefna sambandsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Engir framvikrir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá sambandinu.

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Salan er skráð þegar vara eða þjónusta er afhent og eignaréttur hefur færst til kaupanda. Tekjur sambandsins koma að mestu leyti frá Kirkjugarðasjóði.

### Fjármagnsliðir

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Útistandandi tekjur

Útistandandi tekiur eru færðar á nafnverði.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## 3. Launamál

	2018	2017
Laun .....	1.198.486	1.195.862
Launatengd gjöld .....	238.315	179.197
	<u>1.436.801</u>	<u>1.375.059</u>

## 4. Fjármunatekjur

	2018	2017
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	4.884	132.076
Aðrar vaxtatekjur .....	12.831	13.200
	<u>17.715</u>	<u>145.276</u>

# Skýringar

## 5. Fjármagnsgjöld

	2018	2017
Fjármagnstekjuskattur .....	(1.541)	(26.407)
Önnur vaxtagjöld .....	(7.322)	(11.169)
	<u>(10.346)</u>	<u>(37.576)</u>

## 6. Eignarhlutar í félögum

In Memoriam ehf. var stofnað árið 2000. Eignarhlutur Kirkjugarðasambands Íslands í In Memoriam ehf. er að nafnverði kr. 2.000.000 en er bókfærður á kr. 0.

## 7. Aðrar peningalegar eignir

### Viðskiptakröfur

	31.12.2018	31.12.2017
Innlendar viðskiptakröfur .....	10.711.053	7.752.726

### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2018	31.12.2017
Útistandandi vsk. ....	115.596	55.262

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

## 8. Eigið fé

	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2018 .....	13.279.356
Hagnaður ársins .....	283.254
Eigið fé 31.12.2018 .....	<u>13.562.610</u>

## 9. Aðrar peningalegar skuldir

### Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2018	31.12.2017
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	72.953	48.665
Ógreiddir ýmsir reikningar .....	894.407	1.007.591
	<u>971.849</u>	<u>1.056.256</u>

# Sundurliðanir

2018

2017

## Félagsgjöld og styrkir

Skráning ítarefnis .....	81.500	37.000
Fræðslumál og útgáfa Bautasteins .....	317.050	317.050
Rekstrarstyrkur frá Kirkjugarðasjóði .....	15.000.000	15.500.000
Útseld þjónusta vegna gardur.is .....	170.271	144.761
	<u>15.568.821</u>	<u>15.998.811</u>

## Útgáfu- og dreifingarkostnaður

Prentun .....	392.708	48.856
Prófarkalestur og hönnun .....	8.250	8.250
Annar útgáfukostnaður .....	498.857	392.207
Burðargjöld .....	253.916	297.504
	<u>1.153.731</u>	<u>746.817</u>

## Laun og launatengd gjöld

Vinnulaun .....	1.178.026	1.138.662
Aksturskostnaður .....	20.460	57.200
Tryggingagjald .....	92.032	54.213
Lífeyrissjóður .....	145.113	123.850
Aðrir sjóðir .....	1.170	1.134
	<u>1.436.801</u>	<u>1.375.059</u>

## Annar kostnaður

Aðalfundarkostnaður .....	5.808	0
Stjórnarfundakostnaður .....	133.748	82.600
Fræðslufundir .....	21.740	116.520
NFKK kostnaður .....	270.210	367.431
Pappír, prentun og ritföng .....	0	212.842
Bókhaldsvinna, reikningagerð o.fl. ....	1.139.881	894.985
Önnur aðkeypt þjónusta .....	10.745.442	9.444.264
Ferðakostnaður .....	191.540	174.334
Kostnaður vegna gardur.is .....	194.035	108.151
Annar kostnaður .....	0	17.545
	<u>12.702.404</u>	<u>11.418.672</u>